

**Skipulagsstofnun**

Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
[landsskipulag@skipulag.is](mailto:landsskipulag@skipulag.is)

**Efni: Tillaga að landsskipulagsstefnu. Loftslag, landslag, lýðheilsa. Viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015–2026. Nóvember 2020**

Skipulagsstofnun hefur með bréfi dags. 13. 11. 2020 óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026. Í tillögunni er sett fram stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu og gerðar eru breytingar á gildandi landsskipulagsstefnu varðandi skipulag haf- og strandsvæða m.t.t. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða.

Vegagerðin starfar m.a. samkvæmt eftirfarandi lögum:

- Lög um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála nr. 120/2012
- Vegalög nr. 80/2007
- Lög um vitamál nr. 132/1999
- Hafnalög nr. 61/2003
- Lög um sjóvarnir nr. 28/1997
- Lög um Landeyjahöfn nr. 66/2008.
- Lög um fólks- og farmflutninga á landi nr. 28/2017.

**Skipulag á haf- og strandsvæðum**

Vegagerðin fagnar því að fyrirhugað sé að Skipulagsstofnun setji á stofn gagnagátt og kortavefsjá um útgefin leyfi fyrir framkvæmdum og annarri starfsemi á haf- og strandsvæðum og telur slíka vefsjá myndi nýtast Vegagerðinni.

Vegagerðin hefur, samkvæmt hafnalögum nr. 61/2003, margvíslegu hlutverki að gegna varðandi hafnir og kemur að skipulagi, framkvæmdum og rekstri. Í viðauka er vísað í að samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er óheimilt að byggja á þekktum flóðasvæðum og vísað í samráð við Vegagerðina um gólfhæðir bygginga. Vegagerðin gaf réttilega árið 2018 út viðmiðunarreglur fyrir landhæð gagnvart sjóvörnum og stefnt er að því að uppfæra þær reglulega. Aðkoma Vegagerðarinnar að skipulagi á lágsvæðum við strönd tengist hlutverki hennar samkvæmt sjóvarnarlögum.

Hlutverk Vegagerðar er jafnframt, skv. lögum um vitamál nr. 132/1999, að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis á siglingaleiðum við strendur landsins og sjá til þess að þessar siglingaleiðir séu rétt merktar og fullnægjandi fyrir siglingar. Vegagerðin skal jafnframt hafa eftirlit með

-----  
Síða 1/4

**Vegagerðin**  
Borgartún 5–7  
105 Reykjavík  
+354 522 1000  
[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)

[vegagerdin](https://www.vegagerdin.is)  
[@vegagerdin.is](https://www.vegagerdin.is)

hafnarvitum innan hafnarsvæða. Tryggja þarf aðkomu Vegagerðarinnar að skipulagi haf- og strandsvæða til að Vegagerðin geti sinnt þessu hlutverki sínu.

### **Loftslagsmiðað skipulag, skipulag í dreifbýli, búsetumynstur og dreifing byggðar**

Hugmyndir Landsskipulagsstefnu um loftslagsmiðað skipulag samræmast markmiðum Vegagerðarinnar um styttingu leiða og áherslur um að almenningsamgöngur verði eflar. Hvatning til loftslagsvæns lífsstíls felur í sér að innviðir fyrir ólíka ferðamáta verða að vera til staðar, í þéttbýli sem og í dreifðari byggðum. Mikilvægt er að uppbygging búsetu verði samfara og í takti við uppbyggingu samgönguinnviða. Eitt af markmiðum Vegagerðarinnar er að efla góða og örugga innviði fyrir alla samgöngumáta. Vegagerðin telur mikilvægt að ákveðin eftirfylgni verði á öðrum skipulagsstigum hvað þetta varðar og mælir með að horft verði til annara landa hvað varðar samgöngumat, sér í lagi á deiliskipulagsstigi. Með samgöngumati má fá góða yfirsýn yfir alla samgönguinnviði, sem og þá sem skortir til að geta tryggt þætti eins og greiðfærni og öryggi. Með þessu móti má stuðla að því að skipulagsgerð sveitarfélaga miði að því að kolefnisspor byggðar verði lágmarkað.

-----  
Síða 2/4

Vegagerðin er hlynnt áformum um hinn svo kallaða 20 mínútna bæ. Vegagerðin mælir þó gegn því að þjóðvegir, sér í lagi stofn og tengivegir, séu innan 20 mínútna hverfa. Afar erfitt er að samþætta markmið Vegagerðarinnar um öryggi annars vegar og greiðfærni hins vegar þegar stór ökutæki eiga í hlut. Ferlar stórra ökutækja eru með þeim hætti að minni ökutæki geta ekið hraðar um en æskilegt er þar sem óvarðir vegfarendur eru á veginum. Vegagerðin tekur undir með Robert Huxford, sem hélt erindi á Skipulags- og umhverfismatsdeginum 2020, um að velja þurfi svæði sem 20 mínútna svæði þar sem ekki er um gegnumakstur að ræða. Norðmenn hafa tekið af skarið og taka alfarið fyrir að notkun og hönnun þjóðvega verði fyrir blandaða starfsemi. (Rundskriv 2015/15: „*Miljögata skal ikke brukes på riksveg.*“)

-----  
Vegagerðin

Beina þarf þeim tilmælum til sveitarfélaga, við gerð skipulagsáætlana að hönnun þjóðvega lúti sérstökum lögum og reglugerðum. Vegagerðin vekur athygli sveitarfélaga á ritinu „Vegir og skipulag“ sem unnið var af VSÓ ráðgjöf fyrir og í samvinnu við Vegagerðina og Samband íslenskra sveitarfélaga en ritinu er ætlað að stuðla að skilvirku samráðsferli við skipulagsvinnu þannig að tekið sé nægilegt tillit til samgöngumannvirkja á ábyrgð Vegagerðarinnar.

Í kafla 5.1.2 kemur fram að skipulag skuli styðja við orkuskipti og skapa skilyrði fyrir samtengdu kerfi samgangna. Til að skapa skilyrði fyrir samtengdum kerfum samgangna þarf í skipulagsáætlunum að taka frá rými við t.d. biðstöðvar almenningsamgangna þar sem geyma má einkafarartæki, hvort sem það eru bílar eða reiðhjól. Skipulagsáætlandir sveitarfélaga um þróun og útfærslu byggðar hafa afgerandi áhrif á möguleika fólks til að velja vistvæna ferðamáta. Því er mikilvægt að eftirfylgni verði á öllum skipulagsstigum hvað varðar samgönguinnviði.

Vegagerðin fagnar því að gera eigi greiningu á vinnusóknarsvæði höfuðborgarsvæðisins, slík greining getur verið styrkur við gerð samgöngulíkana enda má ætla að slík svæði séu sérlega víðfem í fámennum samfélögum og full ástæða til að gera frekari rannsóknir á þeim. Vegagerðin telur að slík greining geti nýst varðandi fyrirkomulag almenningsamgangna.

Í kafla 5.3 er fjallað um að skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu lands. Vegagerðin vísar í lög um mat á umhverfisáhrifum framkæmda og telur að mat á umhverfisáhrifum sé afbragðs vettvangur til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda, tryggja samvinnu og mótvægisaðgerðir. Engu að síður er rétt að benda á að kostnaður samfélagsins vegna matsvinnu er umtalsverður. Vegagerðin mælir með að leitað verði leiða til að samræma, einfalda og gera vinnu við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda skilvirkara.

### **Staðarmótun og landslagsvernd**

Í viðauka er fjallað um vindorku í tengslum við staðarmótun og landslagsvernd. Vegagerðin bendir á að við staðsetningu vindmylla er að ýmsu að huga varðandi samgöngur. Tryggja þarf hæfilega fjarlægð framkvæmdasvæðis við vegi, að vegfarendur verði ekki fyrir sjónrænni truflun, ískast af spöðum og möguleika á ókyrrð í lofti.

Vindmyllur eru settar saman úr afar stórum og þungum einingum (turnar, mylluhús, spaðar). Alls óvíst er að flutningsleiðir séu til þess gerðar að geta flutt þessa hluti. Lengstu einingar eru umtalsvert lengri en lengstu farartæki sem heimiluð eru á þjóðvegum og burðarþol brúa og vega getur verið takmarkað. Við val á flutningsleið þarf að taka tillit til umferðar um þéttbýli, breiddar vega, beygjuradíusa, burðarþols vega og brúa. Afar líklegt er að gera þurfi breytingar á vegakerfi til að koma íhlutum á áfangastað, breytingarnar geta verið til bráðabirgða eða varanlegar og skulu unnar í nánu samráði og með heimild Vegagerðarinnar en verða ávallt á kostnað framkvæmdaraðila.

Í kafla 6 í viðauka eru settar fram skilgreiningar á óbyggðum víðernum. Um mjög huglægt mat er að ræða. Vegagerðin leggur áherslu á að tryggð verði möguleg uppbygging á öruggum og góðum mannvirkjum til að þjónusta vaxandi fjölda ferðamanna.

### **Heilsuvæn byggð og landnotkun**

Vegagerðin leggur mikla áherslu á umferðaröryggi. Aðferðir til að ná öðrum markmiðum skulu ávallt taka fullt mið af að öryggi geti orðið eins og best verður á kosið. Þetta á við um alla vegfarendur á öllum vegum í umsjá Vegagerðarinnar. Sambærileg áform eru uppi í nær öllum aðalskipulagsáætunum sveitarfélaga á landinu. Vegagerðin telur að ítreka mætti vægi umferðaröryggis í landdsskipulagsstefnu. Breytingar á ferðavenjum auka samspil óvarinna vegfarenda og ökutækja og aukning hefur verið í fjölda hjóltreiddaslysa og slysa tengdum rafskútum á undanförunum árum. Umferðaröryggi og fækkun alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa er hluti af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem íslensk stjórnvöld hafa gert að sínum forgangsmarkmiðum.

Í viðauka kemur fram að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði möguleiki íbúa til að hafa áhrif á mótun síns nærumhverfis tryggður í gegnum allt skipulagsferlið. Beitt verði fjölbreyttum aðferðum við kynningu og samráð til að tryggja aðgengi að upplýsingum og möguleika íbúa til þátttöku. Vegagerðin tekur undir mikilvægi íbúalýðræðis en bendir á að vanda þarf til verka þegar skipulag nær til þátta er varða aðra en þá sem eru í nærumhverfinu. Vegagerð og samgöngur er dæmi um framkvæmdir sem tengjast skipulagsáætlunum sveitarfélaga þar sem aðrir en íbúar í nærumhverfi geta haft meiri hagsmuni varðandi ákvarðanir í skipulagi. Leiðir og lega þjóðvega getur verið þess eðlis að ákvarðanataka þarf að vera á efra stigi og í samstarfi við fleiri sveitarfélög. Tryggja þarf að umferðaröryggi verði ávallt forsenda við gerð skipulagsáætlana.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Erna Bára Hreinsdóttir  
forstöðumaður Skipulagsdeildar



-----  
Síða 4/4

---

Vegagerðin